



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 133/862
komudagur 8. 2. 2007

Varðar: Frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð.

Á fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs þann 07. feb. sl. var umbeðin umsögn um frumvarpið til umfjöllunar og eftirfarandi bókun gerð.

Liður 8 í fundargerð dreifbýlis- og hálendisnefndar dagsett 5. febrúar 2007 vegna frumvarps til laga um Vatnajökulspjóðgarð.

Eftirfarandi tillaga lögð fram;

Bæjarstjórn tekur undir bókun dreifbýlis- og hálendisnefndar sem vekur athygli á að fram er komið frumvarp um Vatnajökulspjóðgarð og er einungis gefinn frestur fram að 12. febrúar nk. til að koma að athugasemdum við það. Fljótsdalshéraði mun hafa borist þetta frumvarp fimmtudaginn 1. febrúar sl. D&H lýsir furðu sinni á að sveitarfélaginu skuli ætlaður svo skammur frestur til athugasemda við frumvarpið í sinni endanlegu mynd, þótt nefndin hafi komið að frumvinnu við drög þess. Bæjarstjórn óskar eftir frekari fresti til að gera athugasemdir við frumvarpsdrögin.

Samþykkt samhljóða.

Ofangreindri ósk um frekari frest til umsagnar og athugasemda við frumvarpsdrögin er hér með komið á framfæri.

Egilsstöðum 08.02.2007

Fh. Fljótsdalshéraðs

Stefán Bragason skrifstofustj.